



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 24. febrúar 2020 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Haukur Arnþórsson, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson og Arna Þórdís Árnadóttir. Katrín Baldursdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er samþykkt.

### 2. Mini-ráðstefnur um landbúnað og byggðamál, yfirferð

Fundurinn var haldinn bæði í Reykjavík og á Akureyri á sama tíma með hjálp netsins og meira verður gert af því að halda fundi á fleiri en einum stað í einu í framtíðinni.

### 3. Hagsmunahópar innan flokks (55+, ungir, femínistar, verkó, öryrkjar, innflytjendur)

Stefnt er að beinni tengingu milli borgarstjórnarflokksins og þessara hópa með sameiginlegum fundi.

### 4. Leigjendasamtökin, FEB, einstæðir foreldrar og önnur hagsmunabarátta „okkar“ hópa

Þetta var rætt, m.a. Félag leigjenda hjá félagsbústöðum og verður rætt frekar síðar.

### 5. Skuggaráðuneyti og breytingar á skipulagi, yfirferð II

Unnið var að undirbúningi skuggaráðuneytis umhverfismála.

Tillögum að hugsanlegum breytingum á skipulagi framkvæmdastjórnar var velt upp.

6. Stuðningur við sellur, kostnaður við fundarstað o.s.frv.

Leiðir við fjármögnun fundarstaða fyrir sellur voru ræddar og hvort þörf sé á að setja fé í það.

Ítrekað var mikilvægi þess að hringja út til að fjölga félögum og að fá unga sósíalista með í það.

7. Kosningabarátta

Komandi kosningabarátta rædd.

8. Maístjarnan

Umræðum frestað.

9. Fjármál, yfirlit

Staða á reikningum. Flokkurinn: 858.699 kr., Maístjarnan: 2.753.020 kr.

10. Önnur mál

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendi flokknum til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað. Hauki Arnþórssyni var falið að sjá til þess að umsögn verði gerð.